

Íslenska 1 (ÍSL3A06): Bókmenntir að fornu og nýju Háskólabrú

Áfangalýsing

Í áfanganum munu nemendur lesa bókmenntatexta frá upphafi ritunar hér á landi fram til rómantíska tímabilsins, og greina með aðferðum og hugtökum bókmenntafræðinnar. Áhersla verður lögð á texta sem hafa haft víðtæk áhrif á þróun bókmennta og menningu þjóðarinnar sem nemendur munu setja í samhengi við hugsun mannsins og viðhorf til lífs, dauða og náttúru á ólíkum tímum. Í því samhengi verða hrollvekjubókmenntir rómantíkurinnar skoðaðar og greindar. Sagnaarfurinn mun þó liggja til grundvallar og einkenni hans og tungumál greind í ljósi þróunar íslenskrar tungu. Nemendur munu kanna áhrif arfsins á ólíkar tegundir bókmennta frá öllum tímum, meðal annars á bundið mál, þjóðsögur sem og aðra evrópskar bókmenntir. Þeir munu einnig skoða arfinn með gleraugum samtímans og rannsaka hvernig síðari tíma rithöfundar og skáld, hérlandis og víðar, hafa unnið með hann á frjóan og skapandi hátt. Nemendur munu sjálfir vinna með efnið á skapandi hátt en einnig fræðilegan þar sem lögð verður áhersla á hæfni nemenda í notkun heimilda og skráningu þeirra sem þeir beita svo í ritunarverkefnum áfangans.

Hæfniviðmið

Þekkingarviðmið

Nemandi skal öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- mismunandi tegundir bókmennta og helstu bókmenntahugtökum
- áhrifum fornbókmennta á menningu og bókmenntir síðari tíma
- ritgerðasmíð og fræðilegum vinnubrögðum

Leikniviðmið

Nemandi skal öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreytta bókmenntatexta
- draga saman upplýsingar úr fjölbreyttum heimildum á viðurkenndan og gagnrýnninn hátt, meta áreiðanleika þeirra og nýta í fræðilegri umfjöllun
- skrifa og ganga frá ritgerðum þar sem hann kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt.
- lesa og skilja fræðilega texta annarra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta og velja ritstíl og málsnið við hæfi
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum.
- nýta fræðilega umfjöllun annarra til að varpa ljósi á vel afmarkað viðfangsefni í eigin ritsmíð

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið 5 feiningum á 1. þrepi og 5 einingum á 2. þrepi.

Þrep

Áfanginn er á 3. þrepi

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Námsmat

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokanámati í formi lokaverkefnis.